

austurhlutanum. Bætist útsóknirnar við hefir dómkirkjuprestur á hendi húsvitjun og manntal í Viðeyjarsókn, en annar prestur í Lágafellssókn.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til birtingar fyrir prestunum og fyrir söfnuðinum á þann hátt, sem þjer teljið best henta.

61
28. maí

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um flutning þingstaðar.

62
25. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 3. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Álftaneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Herjólfssstöðum að Þykkvabæjarklaustri, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Reglugjörð

63
15. apríl

um

hundalækningar í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um að allir hundar bæjarmanna, 4 mánaða og eldri, sjeu læknaðir af bandormum og ræður í því skyni 2 menn, er hafi með höndum lækningu hundanna, skrásetning þeirra og eftirlit alt, er reglugjörð þessi gerir ráð fyrir.

Enginn bæjarbúi, að undanteknum embættismönnum, bæjarstjórn og starfsmönnum bæjarins, getur skorast undan að gegna starfi þessu 3 ár í senn.

2. gr.

Hundaeigendur skulu hafa helsi á hundum sínum með fangamarki eiganda eða öðru einkenni.

Heilbrigðisnefnd afhendir lækningamönnum bók, er árlega skulu í skráðir hundar bæjarins, aldur, heiti, mark á helsi þeirra, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skráð, hvenær lækningar fari fram og með hverjum árangri.

3. gr.

Steinlimdan kofa til lækninganna lætur bæjarstjórn gjöra og skal færa þangað hunda til lækningar samkvæmt auglýsingu lækningamanna.

63

15. apríl

4. gr.

Hunda skal lækna í nóvember og maí ár hvert og skal það auglýst með viku fyrirvara á venjulegan hátt. Er þá öllum hundaeigendum skylt að koma með hunda sína í lækningakofann eftir þeirri röð, er lækningamenn kveða á um, og vera þeim til aðstoðar við inngjöf og böðun, ef þess er óskað. Valdi forföll að hundur komi eigi til lækninga á tilsettum tíma, skal eigandi hans láta lækna þann hund eigi að síður, svo fljótt sem unt er eftir skipun lækningamanns, en teljast ella hafa skotið hundi undan lækningu.

Lækning hunda utan hreinsunarkofans er með öllu fyrirboðin.

5. gr.

Nú verður vart við bandorm í hundi milli lækninga og skal þá eigandi hans færa hann lækningamönnunum svo fljótt sem unt er, en teljast ella sekur um undandrátt. Þó verður sá hundur eigi undanþeginn lækningu á hinum lögskipaða tíma sje meira en 3 vikur til næsta lækningamánaðar.

Hundar, sem ekkert helsi hafa, eru rjettdræpir, svo og flökkuhundar og hundar, sem enginn hirðir um að láta lækna.

6. gr.

Lækningum hunda og allri meðferð þeirra á undan og eftir lækningu, skal hagað nákvæmlega eftir fyrirsögn þeirri, er hjer fer á eftir.

Úr bæjarsjóði skal greiða 2 kr. fyrir lækningu hunds og 2 kr. fyrir að drepa hund.

7. gr.

Tvisvar á ári skulu lækningamenn sýna heilbrigðisnefnd hundahaldsbók og skal þar tilgreint hvenær lækning hefir fram farið.

Heilbrigðisnefnd annast um útvegum lækningameðala.

8. gr.

Lækningamenn skulu gæta starfs síns með árvekni og alúð, iðulega brýna fyrir mönnum að gæta allrar varkárni í umgengni við hunda og sjerstaklega leggja áherslu á, að fylgt sje fyrirmælum laga nr. 18, 22. maí 1890, 5. gr., um að grafa sulli úr sláturfje eða brenna.

9. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau 1—10 kr. sektum, er renna í bæjarsjóð.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 15. maímán. 1909.

Þannig samþykkt á bæjarstjórnarfundum 15. apríl 1909.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 24. maí 1909.

Magnús Torfason.

63

15. apríl

Fyrirsögn

um lækningu hunda.

Í sólarhring áður en gefið er inn meðalið, má hundurinn ekkert fá að eta nje drekka, og skal vera í læstum kofa; skal svo gefa skamtinn (5 gröm af areka-dufti) í graut eða mjólk hverjum hundi sjer; ef hann fær klýju, verður að leita lags til að láta hann ekki selja upp fyrstu hálfu klukkustundina eftir inngjöfina, með því að vekja athygli hans á einhverju, t. d. með því að láta vel að honum eða sneypa hann þegar það þykir betur gefast. Hver hundur sje látinn standa inni eitt dægur eftir inngjöfina, og baðaður síðan úr lyfblöndu, sem lækni ákveður. Svo skal verka húsið vandlega á eftir, og brenna það, sem frá hundunum hefir gengið, eða grafa það að minsta kosti 4 fet í jörð.

Reikningur

64

yfir tekjur og gjöld »Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs« fyrir árið 1908.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1907: í Söfnunarsjóði	kr.	1371 54
2. Vextir 1907.	—	54 76
	kr.	1426 30

Gjöld:

1. Veittur styrkur til vagnkaupa	kr.	43 80
2. Í sjóði við árslok 1908: í Söfnunarsjóði	—	1382 50
	kr.	1426 30

Skrifstofu Árnessýslu, 24. febrúar 1909.

Sigurður Ólafsson,